




Í bílstjórasætinu

Hefurðu einhvern tímann ekið bíl?

Ef svarið er já skulum við vona að það sé bara klessubíll í skemmtigarði eða rafmagnsbíll á bílplaninu – eða einhvers konar fjarstýrður smábíll sem æðir um gólfið. Þegar þú verður eldri lærirðu að aka alvörubíl.

- 🌀 Teiknaðu þig þar sem þú ert að keyra draumabílinn sem þú vonast til að eignast þegar þú verður stór.



Það er skemmtilegt að keyra. Þú stjórnar og ræður hvert þú ferð. En það er líka mikil vinna. Þú þarft að halda stöðugri einbeitingu. Þú þarft að stýra bílnum. Þú þarft að taka mátulega stórar beygjur, hvorki of litlar né of stórar. Þú þarft að gefa í, en ekki of mikið. Þú þarft að forðast alla hina bílana á veginum. Þú þarft að fylgja umferðarreglunum. Það er svo auðvelt að missa stjórnina og **KLESSA** á.




Það er gaman að klessa á í klessubíl. Til þess eru þeir nú einu sinni gerðir. Og það er gaman að láta fjarstýrða bílinn klessa á, sérstaklega ef hann er gerður til að keyra upp vegg og velta.

En það er ekkert gaman að klessa á í alvörubíl. Það er stórhættulegt og getur haft alvarlegar afleiðingar. Þess vegna þarf fólk að fara í ökuskóla áður en það byrjar að keyra alvörubíl. Og eitt það mikilvægasta sem maður lærir í ökuskólanum er að hafa stjórn á bílnum.


Líkami okkar er dálítið líkur bíl. Við þurfum eldsneyti til að halda okkur gangandi. Við þurfum að halda okkur hreinum. Við þurfum að fara í skoðun öðru hverju. Og við þurfum að fylgja öryggisreglum.





Stundum þegar maður er að keyra eru engir aðrir bílar á veginum og vegurinn er beinn og maður veit nákvæmlega hvert maður er að fara. Þá er auðvelt að fara eftir reglunum og halda stjórn á bílnum.

En stundum eru allt of margir bílar og vegurinn hæðóttur eða hlykkjóttur. Stundum liggur manni á eða maður er þreyttur eða villtur. Og stundum er rok eða þoka eða svo dimmt að maður sér varla út þótt bílljósinn séu kveikt.



Góðir bílstjórar vita að þeir verða að hafa stjórn á bílnum, hvað sem á dynur. Þótt þeir séu í vondu skapi, þótt síminn hringi, þótt krakkarnir séu að rífast í aftursætinu, þótt aðrir bílar keyri of nálægt eða séu að taka fram úr, þótt það sé rigning eða snjócoma, þá verða þeir að halda stjórninni. Annars gæti orðið stórslys.



Enn eru nokkur ár þar til þú sest undir stýri á alvörubíl. En þú getur samt sem áður lært hvernig maður verður góður bílstjóri. Þú getur æft þig á sjálfum þér.

Frá deginum í dag getur þú verið í bílstjórasetinu í þínu eigin lífi.

Stundum er bæði auðvelt og skemmtilegt að hafa stjórn á sjálfum sér. Maður getur ákveðið hve hátt maður syngur, hve langt maður stekkur eða hvaða bók maður fær að láni á bókasafninu. En stundum rekst maður á reglur sem maður vill ekki fara eftir. Og stundum getur maður ekki fengið eitthvað sem mann langar í eða þá að fólk segir eða gerir eitthvað sem maður vill ekki að það segi eða geri. Og það er ekki skemmtilegt.



En þú ert samt sem áður ennþá bílstjórinn og stýrir sjálfum þér, þótt þú stjórnir ekki öðru fólki. Og alveg eins og hjá bílstjóranum í alvörubíl þá eru það viðbrögð þín og ákvarðanir sem ráða því hvernig ferðin verður.

Kannski hefur ferðin þín hingað til verið hæðótt og gert þér erfitt að halda stjórninni. Kannski ertu krakki sem ofhitnar þegar hlutirnir ganga ekki upp, krakki sem reynir að kæla sig niður en endar í staðinn á því að springa. En veistu hvað? Þú þarft ekki að vera þannig krakki mikið lengur.

Ef þú ert krakki sem er tilbúinn að læra hvernig maður verður bílstjórinn í eigin lífi, hvernig maður heldur stjórninni, jafnvel við erfiðar aðstæður, þá er þessi bók fyrir þig. Bókin mun kenna þér hvernig þú kemst á áfangastað, án þess að klessa á.